



Skólastefna Djúpavogshrepps
2019 – 2023

INNGANGUR



Skólastefna þessi gildir fyrir leikskóla, tónskóla og grunnskóla Djúpavogs. Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 er sveitarfélögum lögð sú skylda á herðar að setja almenna stefnu um leik- og grunnskólahlald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess.

Skólastefna þessi gildir frá 31.05.2019 til 31.05.2023 og tekur hún við af fyrri skólastefnu sem var sett fram árið 2015 og gildi til 31.05.2019. Ákveðið var að gera töluverðar formbreytingar á stefnunni með það að markmiði að hún myndi nýtast betur sem stjórnþæki til að ná framtíðarmarkmiðum sveitarfélagsins í málefnum skólanna.

Sett var á laggirnar 3 manna nefnd til að vinna að gerð stefnunnar. Nefndina skipuðu Kristján Ingimarsson, Elísabet Guðmundsdóttir og Ásdís Hafrún Benediktsdóttir. Sendir voru út spurningalistar til starfsfólks grunnskóla og leikskóla og samskonar spurningalistar voru sendir til foreldrafélaga skólanna. Svör bárust fljótt og vel og upp úr þeim var unnin SVÓT greining og gildi skólanna og framtíðarsýn fundin.

Því næst voru tímasett markmið og ábyrgðarhlutverk skilgreind. Athygli vakti hversu mikið samræmi var í svörum og virtist fólk nokkuð sammála um hvert ber að stefna en skólastefnan endurspeglar þau viðhorf þar sem leitast er við að byggja ofan á það góða starf sem unnið hefur verið ásamt því að bæta úr þeim atriðum sem betur mega fara.

Nefndin fundaði 6 sinnum og skilaði af sér nýrri skólastefnu sem samþykkt var af sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi þann 9. maí 2019.

UM SKÓLANA



Leikskólinn Bjarkatún er tveggja deilda leikskóli sem rúmar 37 börn. Bjarkatún vinnur eftir hugmyndafræði Cittaslow og starfar undir merkjum Grænfánans en fánanum var fyrst flaggað árið 2011.

Grunnskóli Djúpavogs er einsetinn heildstæður skóli með 75 nemendur í grunnskóla vorið 2019, úr dreifbýli og þéttbýli Djúpavogshrepps. Skólinn starfar eftir hugmyndafræði Cittaslow og þar er lögð áhersla á samkenntu, samvinnu og þverfaglega vinnu nemenda og kennara auk þess að nýta umhverfi skólans, bæði við leik og störf. Grunnskóli Djúpavogs hagar starfi sínu í samræmi við Aðalnáms krá Grunnskóla.

Tónskóli Djúpavogs er hluti af Djúpavogsskóla og er hann starfræktur í Löngubúð. Góð samvinna er á milli skólanna og UMF Neista.

HLUTVERK

Hlutverk skólanna í Djúpavogshreppi er að stuðla að alhliða þroska, lýðheilsu og almennri heildstæðri menntun allra barna og ungmenna í Djúpavogshreppi. Lögð er áhersla á nám barna og ungmenna sem og kennara og annars starfsfólks.

Hlutverk skólanna er hluti af stefnumótun stjórnvalda. Hlutverk grunnskóla er tilgreint í markmiðsgrein laga um grunnskóla:

„Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífældri þróun.“

*Grunnskóli Djúpavogs starfar eftir aðalnámskrá grunnskóla.
Leikskólinn Bjarkatún starfar eftir aðalnámskrá Leikskóla.*



GILDI



Gildi eru kjörorð sem lýsa þeim sjónarmiðum sem lögð eru til grundvallar í starfi skólanna. Tilgangurinn með því að draga gildi fram er að auka vitund um þau og styrkja þau. Gildin eru höfð að leiðarljósi í daglegum störfum og samskiptum og þau eru hluti af þeim skólabrag og anda sem ríkir.

Virðing

Virðing fyrir okkur, öðrum og umhverfi okkar.

Ábyrgð

Traustur grunnur sem starfið byggir á.

Metnaður

Löngun til að ná árangri í starfi og námi.

Samkennd

Sýnum hverju öðru skilning, stuðning og samhug.

Heilindi

Komum fram við hvert annað af hreinskilni, falsleysi, einlægni og heiðarleika.

FRAMTÍÐARSÝN

Í framtíðarsýn skólanna í Djúpavogshreppi er leitast við að hækka hlutfall menntaðra kennara í skólum Djúpavogshrepps auk þess að sjá til þess að byggt verði ofan á þekkingu og færni starfsfólks með starfsmannaþróun, námskeiðum og endurmenntun.

Í skólum Djúpavogshrepps er og verður starfað í anda Cittaslow og umhverfi og náttúra eru notuð við skólastarfið í fræðslu og leik. Djúpavogshreppur er samfélag sem byggist á samvinnu og samstöðu og því verður samstarf skólanna og heimilanna mikilvægur þáttur í starfsemi skólanna.

Skólarnir aðlaga sig að breytingum í samfélaginu og þróa starfsemina í takt við tímann. Skólastefnunni er ætlað að stuðla að aukinni vellíðan nemenda og starfsfólks og að góður árangur náist í námi og starfi. Með því að fylgja þeim áfangamarkmiðum sem sett hafa verið er það von starfshóps um skólastefnu að framtíðarsýnin nái að verða að veruleika.



MARKMIÐ

Skilgreindir voru fimm flokkar meginmarkmiða til að vinna að næstu fjögur árin, þessir flokkar innihalda markmið vegna mannauðs, náms, Cittaslow, umhverfi og samfélag og þróun. Til þess að skólastefnan nýtist sem skilvirkt stjórnþæki er mikilvægt að uppfylla þau markmið sem sett eru.

Mannauður

Faglegt starf byggir á fagþekkingu. Undirbúningsvinna við skólastefnuna leiddi í ljós að almennt var fólk sammála um að mikilvægt væri fyrir skólana að hafa kennaramenntað fólk við störf og að eins væri mikilvægt að finna leiðir til að auka hæfni starfsfólks með endurmenntun og námskeiðum. Mannauðurinn er grunnurinn að því að vel takist til í skólastarfinu og sé hann nýttur leiðir það af sér starfsánægju og árangur.

Nám

Skólastarfið byggir á námi og nemendur taka út þroska með þeim verkefnum sem þau takast á við í skóla, leik og frítíma. Námið sjálft er ein af grunnstoðum skólakerfisins. Mikilvægt er að byggja á því starfi sem unnið hefur verið í skólum Djúpavogshrepps og þróa nám við skólana þar sem tekið er mið af getu, samfélagi, tækni og umhverfi.

Cittaslow

Djúpavogshreppur hefur verið aðili að Cittaslow samtökunum frá árinu 2013. Þau Cittaslow markmið sem unnið verður að í skólastefnu Djúpavogshrepps eru tekin beint út úr viðmiðum Cittaslow. Í stefnu Cittaslow er einmitt til þess ætlast að unnið sé með hugmyndafræðina í skólum og þannig mun Cittaslow hugmyndafræðin festast enn betur í sessi í sveitarfélaginu. Þau viðmið sem unnið verður með eru m.a. flokkun á úrgangi, moltugerð, umferðaröryggi, útivistarsvæði og staðbundin matvælaframleiðsla.

Umhverfi og samfélag

Djúpavogshreppur er samfélag með kraftmiklu fólki í fögru og fjölbreyttu umhverfi. Í SVÓT greiningu sem framkvæmd var í tengslum við gerð skólastefnunnar kom í ljós að starfsfólk og foreldrar voru sammála um mikilvægi þess að gott samstarf væri á milli heimila og skóla. Gert er ráð fyrir því að starfsfólk og foreldrar vinni sameiginlega að því að þróa samstarf heimila og skóla. Þá er gert ráð fyrir því að tekið verði tillit til umhverfismála og náttúru í skólastarfinu.

Þróun

Undir þennan lið falla þau atriði sem þarf að hafa í huga við skólastarf til framtíðar, bæði hvað varðar aðstöðu, kennsluhætti og skipulag. Þó að ýmislegt sé ólíkt innan skólanna eiga þeir líka margt sameiginlegt og skólarnir þurfa að fá svigrúm til að þróa sitt starf með tilliti til námsskráa, skólastefnu og þeirra breytinga sem kunna að verða í framtíðinni.



MANNAUÐUR

Áfangamarkmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið
Skilgreina sterkar og veikar hliðar þess mannaúðs sem til staðar er	Starfsmannaviðtöl - greining	Stjórnendur	2019	2023
Ráða inn fagmenntað fólk	Auglýsingar	Skólstjórar/ sveitarstjóri	2019	2023
Bæta við menntun starfsfólks, styðja við endurmenntun og starfsþróun, styðja við metnað og færni	Endurmenntunaráætlun/ námskeiðahald	Stjórnendur	2019	2023
Starfsmannahandbækur	Samantekt - samræming	Skólastjórar	2020	2021



NÁM

Áfangamarkmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið
Samfella milli leikskóla og grunnskóla.	Samvinna	Skólastjórar	2019	2023
Hlúa að mismunandi þörfum nemenda og að allir nemendur fái að blómstra án tillits til getu og aðstæðna.	Innleiða teymiskennslu. Uppeldi til ábyrgðar innleitt á tímabilinu.	Skólastjórar, fræðslunefnd	2020	2021
Samræmd skóladagatöl	Samvinna	Skólastjórar/ fræðslunefnd	2019	2023
Áframhaldandi samvinna við UMF Neista	Samvinna	Skólastjórar	2019	2023
Auka kennslu í verklegum greinum.	Tengja skóla, atvinnulíf og samfélag	Skólastjóri/ vinnuhópur	2020	2021
Upplýsingatækni og lífsleikni í netheimum.	Samstarf við rétta aðila	Skólastjóri	2019	2023
Standa vörð um íslensku og móðurmál	Samvinna - vinnuhópur	Skólastjórar	2019	2023



INNLEIÐING CITTASLOW

Áfangamarkmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið
Úrgang skal flokka og endurvinna.	Viðhalda skipulagi, moltugerð	Starfsfólk	2019	2023
Efla skal umferðaröryggi, skapa aðlaðandi útivistarsvæði	Ákvörðun, skipulag og framkvæmdir	Sveitarstjórn	2020	2022
Hvatning til handa staðbundinni framleiðslu og afurðum	Námskeið fyrir leik og grunnskólanemendur um mat og matargerð í samstarfi við Slowfood, skólagarðar.	Skólastjórar	2019	2023
Stuðla skal að notkun lífræns og staðbundins hráefnis í matargerð	Innkaupastefna	Skólastjóri/ Sveitarstjóri	2019	2020
Auka vægi Cittaslow í skólastarfi	Endurskoða áfangamarkmið	Skólastjórar	2020	2023



UMHVERFI & SAMFÉLAG

Áfangamarkmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið
Grenndarnám, náttúra og umhverfi skipi stóran sess í skólastarfi og sérstaða umhverfisins markvisst nýtt í kennslu	Teymisvinna	Skólastjórar	2019	2020
Vera til fyrirmyndar í umhverfismálum	Efla umhverfisvitund	Skólastjórar	2019	2023
Áætlun um aukið samstarf heimila og skóla	Samstarfshópur skóla og foreldra	Skólastjórar og formenn foreldrafélaga	2019	2020



ÞRÓUN

Áfangamarkmið

Uppeldi til ábyrgðar

Teymiskennsla

Samstarf við aðra skóla

Aðstaða fyrir hreyfingu og listir í Leikskóla

Viðhalda forystu í faglegu starfi leikskóla

Áætlun um heilbrigði og hreyfingu

Endurmat og eftirfylgni á skólastefnu

Aðgerðir

Klára innleiðingu

Gera áætlun um innleiðingu

Frankvæmdaáætlun

Gera framtíðaráætlun

Gera framtíðaráætlun

Samstarfshópur

Farið yfir stöðu mála
í desember og maí

Ábyrgð

Skólastjórar

Skólastjórar

Skólastjórar

Sveitarstjórn

Leikskólastjóri

Skólastjórar

Fræðslunefnd

Hefst

2019

2019

2020

2019

2019

2019

2020

Lokið

2021

2020

2023

2020

2020

2022

2023

